

Gjaldeyrisreikningar - skilmálar

Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibúi Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#).

Inn- og útborganir

Heimilt er að leggja inn á og taka út af gjaldeyrisreikningi án annarra takmarkana en þeirra sem leiða af lögum og reglugerðum svo sem lögum um gjaldeyrismál og lögum um peningabætti. Allar innborganir á gjaldeyrisreikningi og útborganir af honum eru miðaðar við gengisskráningu Íslandsbanki hf. eins og hún er á hverjum tíma. Ef inn- og útborganir eiga sér stað í öðrum myntum en í reikningsmyntinni er með þær farið eftir þeim reiknireglum Íslandsbanka hf. sem í gildi eru hverju sinni.

Útborgun getur farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttektar fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttektar. Umboðshafi skal sanna á sér deili með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

Þegar gengi úttektarfærslu er hærra en gengi innborgunarfærslu myndast gengishagnaður og af þeim hagnaði þarf að greiða fjármagnstekjuskatt við úttekt.

Vaxtatímabil

Vaxtatímabilið er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers árs.

Þóknanir

Við inn- og útborganir greiðist þóknun til bankans fyrir einstaka þjónustuliði samkvæmt gildandi verðskrá bankans hverju sinni.

Kjör og skilmálar

Reikningurinn er óverðtryggður innlánsreikningur með breytilegum vöxtum. Skilmálar þessir og kjör reikningsins eru háð ákvörðun bankans hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#).